

L Ö G

62

27. júní

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánnum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

A. Stofnfé sjóðsins er:

1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, eins og þær eru nú.
2. Tillag úr ríkissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.

B. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
2. Einn fjórði hluti þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.
3. Vextir.

3. gr.

Í stað orðanna „1½ milljón“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: 4 milljónum.

4. gr.

Í stað orðsins „fiskafurðir“ í lok 4. gr. laganna komi: sjávarafurðir.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅔ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 15 ár.

6. gr.

Í stað orðanna „35 þúsund“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: 75 þúsund.

7. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánnum fiskveiðasjóðs skulu vera 4½% — fjórir og hálfur af hundraði.

8. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

62

27. júní

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

63

27. júní

L Ö G

um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum, með samþykki atvinnuáráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu eftir þeim reglum, sem felast í lögum þessum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd eða bæjarstjórn öll eða meiri hluti þeirra stofna til þegnskylduvinnu samkvæmt lögum þessum, eða þeim berast bréflugar áskoranir um það frá minnst $\frac{1}{5}$ hluta kjósenda innan umdæmisins, og er henni þá skylt að láta atkvæðagreiðslu fara fram um málið á venjulegan hátt, en áður skal halda almennan fund um það, verði því við komið. Fundur eða atkvæðagreiðsla um málið sé boðað með hálfmánaðar fyrirvara, og sé þá að jafnaði auglýst, hvaða verkefni eigi að leysa með þegnskylduvinnunni, hve mörg ár samþykktin eigi að gilda, og hve lengi vinnan skuli vara fyrir hvern þegnskyldan mann. Ef minnst $\frac{3}{5}$ hlutar kosningarbærra manna í sveitamálefnum, sem atkvæði greiddu, hafa goldið jákvæði tillöggunni um þegnskylduvinnu, enda hafi að minnsta kosti helmingur kjósenda tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, er samþykktin orðin bindandi, að fenginni staðfestingu atvinnuáráðherra.

3. gr.

Þegnskyldvinna nær til allra heimilisfastra, vinnufærra karlmannna á aldrinum 16—25 ára, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Enginn er þó þegnskyldur lengur en þrjú ár samtals. Þegnskyldvinna má vara allt að hálfum mánuði fyrir hvern einstakling árlega, og eigi lengur samtals en 6 vikur.

Þeir, sem þegnskyldu inna af hendi, skulu fá þóknun, er nægi þeim til greiðslu fæðis og dvalarkostnaðar meðan vinnan stendur yfir. Teljast útgjöld þessi með kostnaði við framkvæmd þegnskylduvinnunnar.